

Þjónustukönnun á haustönn 2022

Dagana 12. til 20. október var framkvæmd þjónustukönnun meðal nemenda dagskólans. Að þessu sinni var verið að kanna viðhorf nemenda til stjórnenda skólans, umsjónarkerfisins og þjónustu skrifstofu auk þess sem nemendur fengu að gefa einkunn; m.a. umgengni í skólanum og félagslífinu.

Könnunin var framkvæmd í INNU og kynnt nemendum á skólafundi sem haldinn var 12. október og kynning síðan ítrekuð í kallkerfi skólans tvisvar sinnum eftir það. Hún birtist á forsíðu INNU og ætti því ekki að hafa farið fram hjá nemendum sem flestir fara þar inn daglega. Svarhlutfallið var rétt rúmlega 40% sem er ásættanlegt miðað við fyrri kannanir innan skólans (kennslumat og þess háttar). Í framtíðinni er þó mikilvægt að leita leiða til að auka svarhlutfall almennt og eru allar hugmyndir vel þegnar.

Helstu niðurstöður


Stjórn skólans.

Fyrst var spurt: Veistu hvar í skólanum stjórnendur hans er að finna? Því svöruðu flestir eða 72% játandi á meðan 28% sögðu nei. Það er ekki endilega slæmt að vita það ekki því þeir sem eru í þeim hópi hafa líklegast ekki þurft að ræða nein (alvarleg) mál við stjórnendur. Hinsvegar ætti þeim að fara fjölgandi í framtíðinni sem rata um skólann því allir nýnemar hafa síðust annir unnið verkefni sem gengur út að kenna þeim að rata um skólann og finna helstu kennileiti.




Og eins og sjá má af myndinni er stjórnendagangurinn rækilega merktur, er við aðalinngang skólans og ætti ekki að fara framhjá neinum.

Næst kom fullyrðing þessu tengd en þá var spurt um aðgengi nemenda að stjórnendum: Það er auðvelt fyrir nemendur að ná tali af skólameistara /aðstoðarskólameistara/áfangastjóra.



Hér er búið að taka alla saman í eina mynd og það eru um 40% sem telja auðvelt að ná tali af skólameistara og aðstoðarskólameistara á meðan 54% segja auðvelt að ná tali af áfangastjóra. Þessi munur er líklega af því að fleiri eiga erindi við áfangastjóra sem bæði sér um töflubreytingar og val á meðan erindi við skólameistara og aðstoðarskólameistara eru sérhæfðari og færri sem leita til þeirra.


Næsta fullyrðing var: Skólameistari/aðstoðarskólameistari/áfangastjóri á í góðum samskiptum við nemendur.



Hér eru flest þau sem afstöðu taka mjög eða nokkuð sammála fullyrðingunni um góð samskipti en þó kemur nokkuð greinilega í ljós að nemendamálgæði og þá einkum agamál eru almennt í höndum aðstoðarskólameistara.

Skrifstofa skólans

Næst koma tvær fullyrðingar sem sem snúa að skrifstofu skólans: „Skrifstofa skólans veitir nemendum góða þjónustu“ og „Viðmót starfsfólks á skrifstofu skólans er til fyrirmyndar“. Þessar fullyrðingar hlutu góðar undirtektir um eða yfir 90% þeirra sem afstöðu tóku.




Skrifstofa skólans er oft fyrsti viðkomustaður þeirra sem leita sér aðstoðar eða upplýsinga og því er gleðilegt að sjá að flest hafa jákvæða upplifun af samskiptum við starfsfólk hennar.

Umsjónarkerfi skólans


Síðustu annir hefur verið lögð áhersla á að bæta umsjónarkerfi skólans. Fyrst og fremst hefur verið lögð áhersla á að að foreldrar/forráðamenn nýnema hitti umsjónarkennara með barni sínu við skólabyrjun og að nemandinn hitti hann síðan áfram vikulega á fyrstu önninni. Nú er verið að bæta í kerfið og öllum umsjónarkennurm gert að kalla í sína nemendur til skrafs og ráðagerða a.m.k. einu sinni á önn.

Spurningarnar sem sneru að umsjónarkerfinu voru fjórar. Fyrsta spurningin var: Veistu hver er umsjónarkennari þinn? Hér er áhugavert að skoða hvernig nemendur svara eftir aldri. Þeir sem eru 16 ára eða yngri eru langflestir nýnemar og þeir þekkja nær allir sinn umsjónarkennara. Síðan er þetta breytilegt

eftir árum, 17 ára nemendur voru nýnemar í fyrra og eru líka nokkuð meðvitaðir um umsjónarkennarann (75%) sem og þeir sem eru í elsta hópnum (78%). Hinsvegar eru tveir hópar nemenda þar sem nær 40% segjast ekki vita hver sinnir þessu mikilvæga hlutverki. Þetta er áhyggjuefni en stendur vonandi til bóta þar sem umsjónarkennarar eiga að kalla til sín alla nemendur að minnsta kosti einu sinni á önn.




Næsta spurning var: Hefur umsjónarkennarinn kallað þig í viðtal? Hér hef ég tekið út svör yngsta hópsins (nýnemanna) þar sem þeir eru ekki kallaðir í viðtöl heldur hitta þeir umsjónarkennara í vikulegum tímum í litlum hópum. Því er ráð að skoða hvernig þetta er í öðrum aldursflokkum.



Hér eru það um eða undir þriðjungur sem hefur verið kallaður í viðtal sem er í minnsta lagi miðað við hve langt var liðið á önnina þegar könnunin var framkvæmd. Vert er að benda á að áhersla er á að allir séu boðaðir í viðtal, alls ekki bara þeir sem eru í vanda eða með lélega mætingu.

Næsta spurning var: Hefurðu leitað eftir aðstoð umsjónarkennara að eigin frumkvæði? Þeirri spurningu svara um 30% játandi en ætla mætti að sú prósentagæti farið lækkandi á næstu önnum með auknu frumkvæði kennara við að kalla til sín nemendur.


Loks voru nemendur spurðir um gæði samskiptanna við umsjónarkennarann. Hér má sjá hvernig þeir skiptust sem tóku afstöðu en 88 nemendur eða 25% svarenda vildu ekki svara þessari spurningu eða sögðu að hún ætti ekki við.



Einkunnir

Loks voru nemendur beðnir um að leggja tölulegt mat á nokkra þætti með því að gefa þeim einkunnir á skalanum 1 – 10. Þau settu þannig einkunn á kennarana (kennarahópinn), stjórn skólans, félagslífið, umgengnina og loks skólann sem heild. Niðurstöðurnar má sjá í myndritinu hér fyrir neðan en vert er að hafa í huga að slík einkunnagjöf án rökstuðnings er varla nema vísbending og ekki rétt að leggja of mikið í niðurstöðurnar.

Einkunnagjöf nemenda




Þegar myndin er skoðuð kemur í ljós að 76% þátttakenda gefa kennaraliðinu einkunnina sjö eða hærri, 61% gefa stjórnendum þá einkunn og skólinn sem heild fær sömu einkunn frá 63% þátttakenda. Einkunnir fyrir félagslíf og umgengni eru því miður öllu lægri þar sem aðeins 31% og 33% gefa einkunn sjö eða hærri. Áberandi er að yfir 20% gefa félagslífinu lægstu einkunn sem bendir til að þar þurfi að stefna upp á við á næstu önnum.


Bakgrunnur

Í könnun sem þessari er áhugavert að skoða bakgrunnsbreytur til að meta hversu einkennandi þátttakendur eru fyrir þýðið. Hér spurðum við um aldur, fjölda eininga á önninni og á hvaða námsönn nemendur væru. Á meðfylgjandi mynd sést að aldursdreifing þátttakenda víkur ekki mikið frá aldursdreifingunni í skólanum.

Aldur



Þátttakendur voru líka spurðir um í hve margar einingar þeir væru skráðir í dagskólanum á önninni. Dreifingu þátttakenda má sjá á vinstri súlunni og síðan samanburð við skólann í heild.



Hér er samsvörunin mjög góð en hinsvegar umhugsunarefni hversu stór hluti nemenda er í fáum einingum þ.e.a.s. 20 eða færri. Til að ljúka námi á bóknámsbrautum þarf alls 200 einingar og með svo fáum einingum tekur það nemanda 5 ár að ljúka því sem skólakerfið gerir ráð fyrir að taki þrjú ár.

Þegar spurt var um á hvaða námsönn viðkomandi væri í skólanum er erfiðara að gera samanburð þar sem INNA telur fjarnámsannirnar sér, jafnvel þó nemandi sé jafnframt í dagskóla. En spurningunni um annir svöruðu 56% nemenda þannig að þeir væru á fyrstu eða annarri námsönn á meðan aðeins 46% nemenda í úrtakinu er undir 18 ára aldri. Það undirstrikar það sem við vitum að stór hópur nemenda sem sækir hingað hefur verið ár eða meira annarsstaðar, yfirleitt í öðrum skóla.

Lokaorð

Þegar þessar niðurstöður eru skoðaðar og bakgrunnur þátttakenda rýndur er ljóst að ástæða er til að taka mark á niðurstöðum sem hér fást. Það er heldur ekki slæmt því í heildina bera nemendur skólanum vel söguna og eru jákvæðir í mati sínu. Skilaboðin eru því þau að skólinn er styðja vel við nemendur með auðveldu aðgengi að stjórnendum og skrifstofu og með umsjónarkerfi sem höfðar til nemenda.

3. nóvember 2022

Jóna Guðmundsdóttir, gæðastjóri